

Morgunblaðið/Valdís Thor

Léttleiki „Uppsetning verkanna í rýminu er sjónrænt vel heppnuð; sýningin býr yfir léttleika og andrými. . .“, segir meðal annars í dómi.

## Hreyfing um himnur

### MYNDLIST

#### Start Art

Kristín Reynisdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir – Qualia

Til 29. október 2008. Opíð þri.-lau. kl. 13-17 og eftir samkomulagi. Aðgangur ókeypis.

KRISTÍN Reynisdóttir og Ragnhildur Stefánsdóttir bjóða gangandi vegfarendum á Laugaveginum, sem brugðið hafa sér inn í forsal listamannahússins Start Art, að staldra við um stund og láta vekja og virkja skynrænar kenndir. Þar hafa listakonurnar unnið innsetningu sem ber yfirskriftina „Qualia“, en hugtakið vísar til einstaklingsbundinnar skynreynslu. Í megindrátum er annars vegar um að ræða ljósmyndir Kristínar af augnbótum, sem hún hefur sett undir þykkt glerlag, og hins vegar eru smá og kúpt skúlptúrform Ragnhildar sem gestum er boðið að þiggja nudd af, t.d. á il, bak eða lófa.

Uppsetning verkanna í rýminu er sjónrænt vel heppnuð; sýningin býr yfir léttleika og andrými. Lítir og form vísa óbeint til líkamans, og þá

einkum innviða hans og þeirra skynrænu viðbragða við ytra umhverfi sem þar eiga sér stað. Fölir og rauðir eða bleikir litir eru áberandi. Hringlaga lögun sumra mynda Kristínar skírskota til augnformsins og kallast á við ávöl form í skúlptúrum Ragnhildar er minna á totur. Hið gagnsæja gluggaverk þeirrar síðarnefndu leiðir hugann að æðakerfi eða lungnaberkjum og er staðsetningin í glugganum góð: glugginn virkar í því samhengi sem myndlíking fyrir himnu þar sem á sér stað hreyfing inn og út.

Verk Ragnhildar og Kristínar spila vel saman og kalla á virka, líkamlega þátttöku sýningargesta: myndir Kristínar skapa meðvitund hjá áhorfandanum um hreyfingu augna og um lífeðlis- og efnafræðileg ferli sem verða við það innra með áhorfandanum. „Totur“ Ragnhildar virkja skynjun húðarinnar og ýta við „orkupunktum“ líkamans. Listamennirnir hafa skapað prýðileg skilyrði til móttöku – og áhrif sýningarinnar verður svo hver og einn að reyna á eigin himnu.

Anna Jóa

# Dúndurfjör í lestrarsalnum

### TÓNLIST

#### Þjóðmenningarhúsið

Kammertónleikar★★★★☆

**Smetana: Strengjakvartett nr. 1 í e. Dvorák: Serenada í d Op. 44. Kammersveit Reykjavíkur. Þriðjudaginn 14. október kl. 20.**

TÉKKNESK tónlist verður þema Kammersveitar Reykjavíkur í vetur, og ekki illa til fundið. Þetta „fjarlægá litla land sem við vitum ekkert um“, eins og brezkur forsætisráðherra orðaði það fyrir 70 árum, hefur nefnilega lagt drjúgan skerf til klassískrar arfleifðar, og Bæheimur var áður fyrir m.a.s. uppnefndur „tónlistarskóli Evrópu“ meðan hann var hluti af keisaraveldi Habsborgara.

Upphafsvörk vetrarins voru ekki af lakara taginu. Fyrri Strengjakvartett Bedrichs Smetana (1824-84;

þekktastur fyrir *Moldá* úr hljómsveitarbálkinum „Ma Vlast“) var saminn 1877 og þykir meðal fremstu kvartetta síðrómantíkur. Hann er enn mikið fluttur og einn fárra prógrammtónsmíða í þeirri annars „absólútu“ grein. Inntakslýsing kvartettsins („Úr lífi mínu“) er skjalfest í einkabréfi til vina tónskáldsins og fjallar framan af um æsku, ástir og þrjár. En í 222. takti lokabáttar dynur áfallið fyrirvaralaust yfir í formi skerandi iskurstóns á e““ (túnd fyrir ofan háa sópran-c““íð) – ígildi ólæknandi eyrnasuðs er átti eftir að firra tónskáldið heyrn, viti og að lokum lífi.

Strengjafereyki KSÍ lék verkið af samtaka innlifun og snerpu þó meir hefði mátt tjalda neðsta enda styrksviðsins. Til þess hvatti að vísu ekki þurrköld ómvist gamla lestrarsalarins, er hentaði illa strokhljóð-

færum og gerði hljóminn allt að groddalegan; engu líkara en sandi hefði verið blandað í myrruna.

Það kom hins vegar síður að sök í Serenöðu Antonins Dvoráks fyrir blásaronettu (þar af 3 horn), selló og kontrabassa. Þessi bráðskemmtilega tónsmíð frá 1877 er einhver sú best heppnaða allra slíkra verka. Hún er verðug hliðstæða *Gran Partita* Mozarts, nærri melódískur jafnoki strengjaserenöðu Tsjækovskíjs og veit í fínalnum jafnvel fram á djass 20. aldar. Í dúndurfjörugri meðferð karlanna ellefu úr KSÍ, er gættu þess giftusamlega að leika Andante þáttinn (III) ekki of hægt, sperrti maður eyrun allt til enda í vaggandi vínu, og undirtektirnar voru að sama skapi firnagóðar að verðleikum.

Ríkarður Ö. Pálsson

## Kynleg kona

### MYNDLIST


#### Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Jóna Hlíf Halldórsdóttir – Full af engu

Til 9. nóvember 2008. Opíð alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis.

Í SAMHENGI við efnahagsástandið í landinu um þessar mundir, öðlast yfirskrift myndlistarsýningar Jónu Hlífar Halldórsdóttur í D-sal Hafnarhússins, „Full af engu“, býsna þrungna merkingarvöld. Ekki er þó gott að segja hvort Jóna Hlíf hafi haft innantómt neyslusamfélag eða gegndarlausu gróðahyggu í huga við undirbúning sýningarinnar – hugsanlega má sjá vísbendingar um slíkt í myndarlegum stafla af tónum, hvítum gjafa- eða innkaupapökum í einu horni salarins. Speglar á vegg, sem mynda setninguna „Ég er bara skitur“, gætu þannig vísað til sjálfsmyndar neytenda sem íða af ófullnægðri þrá eftir lífsfyllingu í samræmi við látlaus skilaboð sem umhverfið sendir þeim, og þá ekki sist konum. Spegilverk Jónu Hlífar er áleiðið í ljósi þess skipbrots sem þjóðin hefur beðið í efnahagsmálum þannig að hrikur í meginstoðum lýðveldisins.

Burtséð frá þessu dramatiska samhengi búa greinilegar skírskotanir til kvenlegrar sjálfsveru í sýningu Jónu. Hið kynferðislega er þar efst á baugi: kaðall með hnút neðst hangir úr loftinu og býður upp á sveiflu, textaverk lýsa kynferðislegum fantasíum, stundum fremur gróteskum, og um fallíska hvíta súlu (sem einnig vísar til karllægs listheims og hugmynda um hlutlaust hvítt sýningarrými) lykjust geislar blóðrauðrar stjörnu




Morgunblaðið/Valdís Thor

Full af engu „Innsetning Jónu Hlífar fer sjónrænt vel í rýminu . . .“, segir meðal annars í dómi.

(kvenskapa?). Inn í þetta blandast skírskotun til sagna- eða andaheims inúta sem gefur til kynna tengsl hins kvenlæga við náttúruna og yfirskilvitleg öfl. Spurningin er hvort hér sé gefið til kynna að konan hafi fjarlægst slík „eðlislæg“ tengsl og orðið fírringu að bráð sökum nútímalegra lífshátta. Innsetning Jónu Hlífar fer sjónrænt vel í rýminu og hún nær að kveikja ýmsar skondnar hugrenningar er tengjast hugmyndum um konur sem kynverur.

Anna Jóa



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

**Þjóðinni boðið!**  
Sinfóníuhljómsveitin hefur ákveðið að bjóða Íslendingum á tónleika sína í kvöld og á morgun. Á efnisskránni eru sinfóníur Sibelíusar, eins mesta sinfóníuhöfundar allra tíma.

**Stjórnandi:** Petri Sakari.

**Í kvöld kl. 19.30 - þjóðinni boðið**  
Sinfónía nr. 2  
Sinfónía nr. 4

**Á morgun kl. 17.00 - þjóðinni boðið**  
Sinfónía nr. 5  
Sinfónía nr. 6  
Sinfónía nr. 7

■ Fimmtudag 20. nóv. og föstudag 21. nóv.

Eftirlætið Barokk í Langholtiðkirkju  
Sigræn tónlist sem allir elska.  
Verk eftir Bach, Purcell, Pachelbel og Handel.  
Frjálst sætaval - húsið opnað klukkustund fyrir tónleikana  
- fyrstir koma, fyrstir fá.

**Míðasala**  
S. 545 2500  
www.sinfonia.is

**STOÐIR** STOÐIR ERU AÐALSTYRKJARADILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# Orðsins list

Greinasafn um íslenskar bókmenntir á 20. öld. Mikill fengur öllum sem áhuga hafa á íslenskum skáldskap í bundnu máli og lausu.

Vésteinn Ólason kenndi íslenskar bókmenntir við Háskóla Íslands og víðar um árabíl en er nú forstöðu- maður Stofnunar Árna Magnússonar.

**MÁL OG MENNING**  
www.forlagid.is